Verkefni: Stuð eða suð?

Settu setningarnar á rétta staði.

Markmið: Að ungmenni skilja betur suð (og stuð) og sjái raunveruleg dæmi um samskipti og orð sem gætu verið notuð í samböndum/kynlífi og áhrifin sem þau geta haft.

Efniviður: Tvö verkefnaplaköt (stuð/grænt og suð/rautt) og eitt límmiðablað með alls konar setningum.



Útfærsla: Hópurinn á að skoða setningarnar og líma þær annað hvort á rauða plakatið ef setning er talin vera suð, eða á græna plakatið ef setning er talin vera stuð og í lagi.

Hægt er að færa límmiðana á milli plakata (t.d. ef þið skiptið um skoðun) á meðan límið helst.

Ef hópurinn er stór er hægt að útfæra verkefnið þannig að starfsfólk les upp setningarnar, biður hópinn um að segja sína skoðun á því hvort þær eigi heima á suð eða stuð plakatinu og líma eftir því. Það má líka setja setningarnar upp á glærur, varpa þeim upp og ræða hvort þær séu stuð eða suð og setja svo á plakötin.

Einnig má fá ungmennin til að búa til fleiri setningar eða orð sem eiga heima á stuð eða suð plakatinu og nota t.d. post-it miða eða annað slíkt til að líma á plakötin.